Fullgild rafræn undirskrift
HALLGRÍMUR JÓNASSON
2020-08-20 14:39:47 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Rannsóknamiðstöð Íslands

## 02 231

# Ársreikningur 2019

## Efnisyfirlit

**Bls.**

| | |
|---|---|
| Skýrsla og áritun forstöðumanns ........................................................ | **2** |
| Yfirlit um afkomu ársins ..................................................................... | **3** |
| Efnahagsreikningur ............................................................................ | **4** |
| Sjóðstreymisyfirlit ............................................................................... | **5** |
| Starfsþáttayfirlit .................................................................................. | **6** |
| Skýringar ............................................................................................. | **7** |

**Rannsóknamiðstöð Íslands**

**kt. 531094-2129**

**Borgartúni 30, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hlutverk Rannsóknarmiðstöðvar Íslands (Rannís) er að veita stuðning við rannsóknir og nýsköpun, menntun, menningu og listir og æskulýðsstarf og íþróttir. Rannís stuðlar að þróun þekkingarsamfélagsins með rekstri samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum auk þess að greina og kynna áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag. Rannís heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið og starfar á grundvelli laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir nokkur málefnasvið og málaflokka samkvæmt flokkun í fjárlögum og kemur aðgreining þess fram í starfsþáttayfirliti.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 933,2 milljónir og afkoma kr. 13,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 7,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 407,2 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Rannsóknamiðstöðvar Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Rannsóknamiðstöðvar Íslands fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Hallgrímur Jónasson
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

# Yfirlit um afkomu ársins 2019

| | Skýr | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 2 | 338.200.000 | 362.100.000 |
| Seld þjónusta | 3 | 11.921.884 | 10.539.377 |
| Framlög og ýmsar tekjur | 5 | 574.600.419 | 433.932.199 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 2 | 8.466.483 | 7.984.387 |
| **Tekjur samtals** | | 933.188.786 | 814.555.963 |
| **Gjöld** | | | |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður | 6 | 539.669.568 | 518.378.429 |
| Framlög og tilfærslur | 7 | 18.309.109 | 11.703.645 |
| Annar rekstrarkostnaður | 8 | 352.476.941 | 298.592.393 |
| Afskriftir | | 8.466.483 | 7.984.387 |
| **Gjöld samtals** | | 918.922.101 | 836.658.854 |
| **Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði** | | 14.266.685 | (22.102.891) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður | | 768.802 | 14.590.485 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | 9 | (1.299.444) | (198.068) |
| | | (530.642) | 14.392.417 |
| **Afkoma ársins** | | 13.736.043 | (7.710.474) |
| **Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum** | | | |
| Rekstur | | 10.045.152 | (8.706.829) |
| Rekstrartilfærslur | | 3.690.891 | 996.355 |
| | | 13.736.043 | (7.710.474) |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

| | Skýr | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 10 | | |
| Áhöld, tæki og búnaður ............ | | 18.260.837 | 20.666.714 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 18.260.837 | 20.666.714 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur ............ | 11 | 11.495.943 | 68.822.106 |
| Tengdir aðilar ............ | 12 | 161.398.088 | 96.999.965 |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður ............ | 13 | 5.699.786 | 1.044.224 |
| Handbært fé ............ | 14 | 210.330.450 | 101.672.763 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 388.924.267 | 268.539.058 |
| **Eignir samtals** | | 407.185.104 | 289.205.772 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 15 | | |
| Hrein eign ............ | | 7.588.463 | (6.147.580) |
| **Eigið fé samtals** | | 7.588.463 | (6.147.580) |
| **Skuldir** | | | |
| Tengdir aðilar ............ | 12 | 290.746.761 | 196.862.725 |
| Viðskiptaskuldir ............ | 16 | 55.154.430 | 35.497.885 |
| Ýmsar skammtímaskuldir ............ | 17 | 39.635.933 | 43.566.742 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda ............ | 18 | 14.059.517 | 19.426.000 |
| **Skuldir samtals** | | 399.596.641 | 295.353.352 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 407.185.104 | 289.205.772 |
| **Aðrar upplýsingar** | 19 | | |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

| | Skýr | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | 13.736.043 | (7.710.474) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 0 | 8.466.483 | 7.984.387 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | | (8.466.483) | (7.984.387) |
| | | 13.736.043 | (7.710.474) |
| Breyting rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur | | 52.670.601 | (43.301.072) |
| Tengdir aðilar | | 26.525.307 | 32.290.980 |
| Skammtímaskuldir | | 15.725.736 | 17.709.643 |
| | | 94.921.644 | 6.699.551 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 108.657.687 | (1.010.923) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 10 | (6.060.606) | (4.240.714) |
| | | (6.060.606) | (4.240.714) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Fjárfestingarframlag | | 3.100.000 | 3.000.000 |
| Tengdir aðilar | | 2.960.606 | 1.240.714 |
| | | 6.060.606 | 4.240.714 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 108.657.687 | (1.010.923) |
| Handbært fé í byrjun árs | | 101.672.763 | 102.683.686 |
| **Handbært fé í árslok** | | 210.330.450 | 101.672.763 |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.*

# Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2019, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

| | Rannsóknamiðstöð Íslands 02 231 101 | Alþjóðlegar samstarfsáætlanir á sviði vísinda 02 231 105 | Samtals 2019 |
|---|---|---|---|
| | Málefnasvið - málaflokkur | | |
| | 23 20 | 24 10 | |
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 305.800.000 | 32.400.000 | 338.200.000 |
| Seld þjónusta | 11.921.884 | 0 | 11.921.884 |
| Framlög og ýmsar tekjur | 562.380.419 | 12.220.000 | 574.600.419 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 8.466.483 | 0 | 8.466.483 |
| **Tekjur samtals** | 888.568.786 | 44.620.000 | 933.188.786 |
| **Gjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 539.669.568 | 0 | 539.669.568 |
| Rekstrartilfærslur | 18.309.109 | 0 | 18.309.109 |
| Annar rekstrarkostnaður | 315.536.722 | 36.940.219 | 352.476.941 |
| Afskriftir | 8.466.483 | 0 | 8.466.483 |
| **Gjöld samtals** | 881.981.882 | 36.940.219 | 918.922.101 |
| **Afkoma fyrir fjármagnsliði** | 6.586.904 | 7.679.781 | 14.266.685 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður | 768.802 | 0 | 768.802 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | (1.299.444) | 0 | (1.299.444) |
| | (530.642) | 0 | (530.642) |
| **Afkoma ársins** | **6.056.262** | **7.679.781** | **13.736.043** |
| **Afkoma ársins skipt eftir fjárheimildaliðum** | | | |
| Rekstur | 2.365.371 | 7.679.781 | 10.045.152 |
| Rekstrartilfærslur | 3.690.891 | 0 | 3.690.891 |
| | 6.056.262 | 7.679.781 | 13.736.043 |
| **Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:** | | | |
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum | 305.800.000 | 32.400.000 | 338.200.000 |
| Fjárveiting til tekna | 305.800.000 | 32.400.000 | 338.200.000 |
| Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi | (299.743.738) | (24.720.219) | (324.463.957) |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **6.056.262** | **7.679.781** | **13.736.043** |
| Staða fjárveitinga 2018 í lok þess árs | (6.147.580) | 0 | (6.147.580) |
| **Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum** | | | |
| Rekstur | (3.782.209) | 7.679.781 | 3.897.572 |
| Rekstrartilfærslur | 3.690.891 | 0 | 3.690.891 |
| | **(91.318)** | **7.679.781** | **7.588.463** |
| **Fjárfestingar** | | | |
| Fjárveiting ársins skv. Fjárlögum og Fjáraukalögum | 3.100.000 | 0 | 3.100.000 |
| Fjárfesting á árinu | (6.060.606) | 0 | (6.060.606) |
| **Staða fjárfestingafjárveitingar** | **(2.960.606)** | **0** | **(2.960.606)** |
| Staða fjárfestinga 2018 í lok þess árs | (1.240.714) | 0 | (1.240.714) |
| **Staða fjárfestingarheimilda í árslok 2019** | **(4.201.320)** | **0** | **(4.201.320)** |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits*

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Innlausn tekna**

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.
Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.
Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

**Gjöld**

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

**Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

# Skýringar

**Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir**

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:
Áhöld, tæki og búnaður .......................................................................................................... 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

**Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

**Handbært fé**

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

**Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

**Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

**Starfsþáttayfirlit**

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnasviða og málaflokka birt í starfsþáttayfirlit. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

# Skýringar

## 2 Tekjufærsla fjárveitinga

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Fjárveiting ársins | 338.200.000 | 362.100.000 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | 8.466.483 | 7.984.387 |
| | 346.666.483 | 370.084.387 |

**Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:**

| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum | 316.200.000 | 22.000.000 | 0 | 338.200.000 |
| **Fjárveiting til tekna** | **316.200.000** | **22.000.000** | **0** | **338.200.000** |
| Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi sð frádregnum sértekjum | (306.154.848) | (18.309.109) | 0 | (324.463.957) |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **10.045.152** | **3.690.891** | **0** | **13.736.043** |

## 3 Seld þjónusta

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Sérfræðiþjónusta | 1.438.400 | 0 |
| Ýmsar þjónustutekjur | 540.328 | 1.244.987 |
| Veitinga- og gistiþjónusta | 3.579.195 | 3.189.120 |
| Fræðslustarfsemi og fundir | 6.363.961 | 6.105.270 |
| | 11.921.884 | 10.539.377 |

## 5 Framlög og ýmsar tekjur

| | | |
|---|---|---|
| Leigutekjur | 6.248.737 | 7.576.900 |
| Kostnaðarhlutdeild | 79.081.643 | 8.249.727 |
| Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta | 153.685.715 | 0 |
| Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir | 327.137.059 | 408.806.568 |
| Ýmsar tekjur | 8.447.265 | 9.299.004 |
| | 574.600.419 | 433.932.199 |

## 6 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 442.779.895 | 415.927.463 |
| Orlof, breyting | (5.098.270) | 5.075.542 |
| Launatengd gjöld | 100.433.862 | 95.716.684 |
| Starfsmannakostnaður | 1.554.081 | 1.658.740 |
| | 539.669.568 | 518.378.429 |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 49,7 | 48,0 |

## 7 Framlög og tilfærslur

| | | |
|---|---|---|
| Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta | 1.000.000 | 178.982 |
| Rekstrartilfærslur aðrir | 17.309.109 | 11.524.663 |

# Skýringar

## 8 Annar rekstrarkostnaður

| | 2019 | 2018 |
|---|---|---|
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 2.387.277 | 2.196.778 |
| Ýmis tæki og áhöld | 1.875.941 | 1.272.503 |
| Varahlutir og viðhaldsvörur | 10.360 | 8.026 |
| Ýmsar sérgreindar vörur | 0 | 141.464 |
| Orkugjafar | 1.346.523 | 245.872 |
| Matvæli | 9.474.225 | 7.136.457 |
| Almennar rekstrarvörur | 838.335 | 713.112 |
| Vörukaup, almenn | 15.932.661 | 11.714.212 |
| | | |
| Fundir, námskeið, risna | 63.741.076 | 40.309.362 |
| Ferðir, uppihald | 66.861.688 | 54.824.911 |
| Akstur | 3.682.472 | 2.907.396 |
| Sérfræðiþjónusta | 80.332.930 | 71.059.902 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 340.107 | 472.968 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 14.359.217 | 15.756.111 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 3.891.671 | 12.292.993 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 233.209.161 | 197.623.643 |
| | | |
| Samningsbundin kaup og leiga | 0 | 60.000 |
| Afnotagjöld | 34.618.135 | 22.446.626 |
| Leigugjöld | 49.825.872 | 50.015.866 |
| Notkun véla og flutningatækja | 96.684 | 34.530 |
| Verkkaup | 7.696.386 | 6.816.340 |
| Kostnaðarhlutdeild | 11.131.750 | 8.509.422 |
| Áhættutap og bætur | 106.395 | 145.000 |
| Tryggingar, lögboðnar | 45.007 | 41.678 |
| Opinber gjöld | 250.000 | 1.185.076 |
| Tapaðar kröfur | (435.110) | 0 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 103.335.119 | 89.254.538 |
| | | |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 352.476.941 | 298.592.393 |

## 9 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap

| | | |
|---|---|---|
| Fjármagnskostnaður | 1.127.620 | 161.520 |
| Gengistap, endurmat | 171.824 | 36.548 |
| | 1.299.444 | 198.068 |

## Skýringar

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| **10 Varanlegir rekstrarfjármunir** | | |

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Áhöld, tæki og búnaður | 18.260.837 | 20.666.714 |
| | 18.260.837 | 20.666.714 |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

| | Áhöld, tæki og búnaður | Samtals |
|---|---|---|
| Staða 1.1.2019 | 50.670.524 | 50.670.524 |
| Viðbætur á árinu | 6.060.606 | 6.060.606 |
| Selt/niðurfært á árinu | (16.351) | (16.351) |
| | 56.714.779 | 56.714.779 |
| Afskriftir 1.1.2019 | 30.003.810 | 30.003.810,0 |
| Selt/niðurfært á árinu | (16.351) | (16.351) |
| Afskrift ársins | 8.466.483,0 | 8.466.483,0 |
| | 38.453.942 | 38.453.942 |
| Staða 31.12.2019 | 18.260.837 | 18.260.837 |

**11 Viðskiptakröfur**

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 11.495.943 | 68.822.106 |
| - Niðurfærsla vegna tapsáhættu | 0 | 0 |
| | 11.495.943 | 68.822.106 |
| Viðskiptakröfur í íslenskum krónum | 1.554.756 | 1.815.290 |
| Viðskiptakröfur í erlendri mynt | 9.941.187 | 67.006.816 |
| | 11.495.943 | 68.822.106 |

**12 Tengdir aðilar**

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

| | | |
|---|---|---|
| Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs | 161.398.088 | 51.053.139 |
| Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga | 0 | 45.946.826 |
| | 161.398.088 | 96.999.965 |

*Skuldir við tengda aðila:*

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 285.380.168 | 186.646.913 |
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 5.366.593 | 10.215.812 |
| | 290.746.761 | 196.862.725 |

**13 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður**

| | | |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 1.456.103 | 343.273 |
| Skattar | 4.243.683 | 700.951 |
| | 5.699.786 | 1.044.224 |

# Skýringar

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| **14 Handbært fé** | | |
| Tékkareikningar | 21.233.971 | 62.482.433 |
| Sparisjóðsreikningar | 2.046.634 | 172.458 |
| Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum | 187.049.845 | 39.017.872 |
| | 210.330.450 | 101.672.763 |

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 192,5 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

**15 Eigið fé**

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

| | | |
|---|---|---|
| **Hrein eign** | | |
| Jöfnuður 1.1. | (6.147.580) | 1.562.894 |
| Afkoma ársins | 13.736.043 | (7.710.474) |
| Jöfnuður 31.12. | 7.588.463 | (6.147.580) |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

**16 Viðskiptaskuldir**

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 55.154.430 | 35.497.885 |
| | 55.154.430 | 35.497.885 |
| | | |
| Viðskiptaskuldir í íslenskum krónum | 32.148.138 | 32.151.766 |
| Viðskiptaskuldir í erlendri mynt | 23.006.292 | 3.346.119 |
| | 55.154.430 | 35.497.885 |

**17 Ýmsar skammtímaskuldir**

| | | |
|---|---|---|
| Ógreitt orlof | 38.313.979 | 43.412.249 |
| Ógreidd laun | 1.302.000 | 0 |
| Önnur ógreidd gjöld | 19.954 | 154.493 |
| | 39.635.933 | 43.566.742 |

## Skýringar

**18 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga**

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga ..... | 18.260.837 | 20.666.714 |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga ..... | (4.201.320) | (1.240.714) |
| | 14.059.517 | 19.426.000 |

| | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Fjárfestinga-fjárveiting | Samtals frestaðar tekjur |
|---|---|---|---|
| Staða 1.1.2019 ..... | 20.666.714 | (1.240.714) | 19.426.000 |
| Fjárfestingarfjárveiting ársins ..... | 0 | 3.100.000 | 3.100.000 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum ..... | 6.060.606 | (6.060.606) | 0 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna ..... | (8.466.483) | 0 | (8.466.483) |
| | 18.260.837 | (4.201.320) | 14.059.517 |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 6,5 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

**19 Aðrar upplýsingar**

*Skuldbindandi samningar*
Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2021 og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Samningarnir eru ótímabundnir. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 42,3 milljónum og vegna þjónustusamninga kr. 36,2 milljónum.

*Veðsetningar*
Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

*Veittar ábyrgðir*
Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

*Óefnislegar eignir*
Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

*Óafturkallanleg loforð*
Á ekki við

*Atburðir eftir reikningsskiladag*
Á ekki við